

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 102/2007

frá 28. september 2007

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og
vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2005 frá 11. mars 2005 ⁽¹⁾.
- 2) IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2007 frá 8. júní 2007 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB frá 6. júlí 2005 um ramma til að setja fram kröfur um visthæfa vöruþróun að því er varðar vörur sem nota orku og um breytingu á tilskipun ráðsins 92/42/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 96/57/EB og 2000/55/EB ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

II. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í 5. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/57/EB) í IV. kafla:
„, eins og henni var breytt með:
– **32005 L 0032**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB frá 6. júlí 2005 (Stjtið. ESB L 191, 22.7.2005, bls. 29).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 5. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/57/EB) í IV. kafla:
„6. **32005 L 0032**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB frá 6. júlí 2005 um ramma til að setja fram kröfur um visthæfa vöruþróun að því er varðar vörur sem nota orku og um breytingu á tilskipun ráðsins 92/42/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 96/57/EB og 2000/55/EB (Stjtið. ESB L 191, 22.7.2005, bls. 29).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45, og EES-viðbætur nr. 38, 28.7.2005, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 266, 11.10.2007, bls. 7, og EES-viðbætur nr. 48, 11.10.2007, bls. 5.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 191, 22.7.2005, bls. 29.

Hlutaðeigandi EFTA-ríkjum skal heimilt að senda áheyrnarfulltrúa á fundi nefndarinnar sem komið er á fót með 19. gr. Fulltrúar EFTA-ríkjanna skulu taka fullan þátt í störfum nefndarinnar, en hafa þó ekki atkvæðarétt.“

3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 3. lið (tilskipun ráðsins 92/42/EBE) í V. kafla:

„– **32005 L 0032**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB frá 6. júlí 2005 (Stjtíð. ESB L 191, 22.7.2005, bls. 29).“

2. gr.

IV. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í 15. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/55/EB):

„, eins og henni var breytt með:

– **32005 L 0032**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB frá 6. júlí 2005 (Stjtíð. ESB L 191, 22.7.2005, bls. 29).“

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 25. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/89/EB):

„26. **32005 L 0032**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB frá 6. júlí 2005 um ramma til að setja fram kröfur um visthæfa vöruþróun að því er varðar vörur sem nota orku og um breytingu á tilskipun ráðsins 92/42/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 96/57/EB og 2000/55/EB (Stjtíð. ESB L 191, 22.7.2005, bls. 29).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Hlutaðeigandi EFTA-ríkjum skal heimilt að senda áheyrnarfulltrúa á fundi nefndarinnar sem komið er á fót með 19. gr. Fulltrúar EFTA-ríkjanna skulu taka fullan þátt í störfum nefndarinnar, en hafa þó ekki atkvæðarétt.“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2005/32/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2007.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.